

Samþykkt**65**

um breyting á lögreglusamþykkt fyrir Reykjavíkurkaupstað, staðfestri 15. nóv. 1890 20. maí

29. grein lögreglusamþykktarinnar orðist þannig:

»Sauðfjenaður bæjarmanna má eigi ganga laus um bæinn frekar en nauðsynlegt er til að reka hann úr og í haga eða fjöru eða til vatns. Engan sauðfjenað má hafa á beit í landi bæjarins fyrir vestan línu úr Fossvogsbotni í austurtakmörk Kringlumýrar og Fúlutjarnarlæk frá 1. maí til 20. september, en fyrir austan tjeða línu er bæjarmönnum heimil beit fyrir sauðfjenað sinn á nefndu tímabili, sje honum haldið í öruggri vörzlu, og á öðrum tíma árs í öllu beitilandi bæjarins.

*

*

*

Sankvæmt lögum nr. 1. 3. jan. 1890 um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina staðfestist beytingarsamþykkt þessi, sem gjörð er af bæjarstjórn Reykjavíkur 3. þ. m. og samþykkt af hlutadeigandi amtmanni, og skal breytingin öðlast gildi þegar í stað.

Reykjavík, 21. maí 1895.
Landshöfðinginn yfir Íslandi
Magnús Stephensen.

Hannes Hafstein.

Reikningur**57**

yfir tekjur og gjöld gjafasjóðs Jóns Sigurðssonar til Svarfaðardalshrepps
1893—1894.

Tekjur:

1. Eign í fardögum 1893:		Kr.	A.
a. Í fasteignum	2310 00		
b. Í ógoldnum leigum og landsskuld af 1/2 Gloppu 1882—83	19 75		2329 75
2. Afgjöld:			
a. Leigur haustið 1893 eptir 4 1/4 kúgildi 85 meðalálnir eptir verðlagsskrá 1893—94 á 46 a.	39 10		
b. Landsskuld í fardögum 1894, 20 1/2 meðalálnir eptir verðlagsskrá 1894—95 á 46 a.	92 69	131	79
		Samtals kr.	2461 54

Gjöld:

1. Umboðslaun 1/6 af hinum innheimtu gjöldum	21	96	
2. Borgað sveitarsjóði Svarfaðardalshrepps	109	83	
3. Eign í fardögum 1894:			
a. Í fasteign	2310	00	
b. Í ógoldnum leigum og landsskuld af 1/2 Gloppu	19	75	2329 75
		Samtals kr.	2461 54

Íslands Norður- og Austuramt, Akureyri 15. janúar 1895.

Páll Briem. Davíð Guðmundsson.

21. dag maímán. 1895.